

Brunavatn – lagaumhverfi

Fræðslufundur VAFRÍ um brunavatn og hönnun vatnsveitna með tilliti til slökkvistarfa
14. desember 2022

Örstuttur inngangur

Baldur Dýrfjörð lögfræðingur Samorku

Lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004

• 5. gr. Vatnsæðar

- Eigandi vatnsveitu sér um lagningu og viðhald allra vatnsæða hennar, þ.e. aðalæða, dreifiæða og heimæða...
-
- Vatn, sem tekið er úr stofnkрана innan húss, er eingöngu heimilt að nota til venjulegra heimilisþarfa. Að öðrum kosti þarf leyfi stjórnar vatnsveitu. Hvers konar tenging dælubúnaðar við heimæð af hálfu eiganda, m.a. til að auka þrýsting vatns, er óheimil nema með sérstöku leyfi.
- **Vatnsveitu er skylt að sjá um að nægilegt vatn og vatnsþrýstingur sé fyrir hendi til slökkvistarfs og fyrir sérstakan slökkvibúnað þar sem hans er krafist enda verði því við komið.**
- Réttur til að tengjast vatnsveitu skuldbindur ekki vatnsveitu til þess að tryggja að þrýstingur í dreifiæðum sé ávallt nægilegur. Ef vatnsæðar hafa ekki verið lagðar þar sem eigandi óskar eftir vatnsnotkun getur stjórn vatnsveitu sett það **skilyrði fyrir lagningu vatnsæða** að fyrir fram **ákveðinn hluti kostnaðar** við lagningu þeirra skuli endurgreiddur af eiganda fasteignarinnar. **Sama gildir ef nauðsynlegt er vegna stærðar og/eða nýtingar fasteignar að auka vatnsþrýsting til hennar.**
- Eiganda ber að greiða gjald fyrir lagningu heimæðar og skal gjaldið og gjalddagi þess ákveðið í gjaldskrá skv. 10. gr. Gjaldið skal miðað við gerð, stærð og lengd heimæða

Lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004

- **10. gr. Gjaldskrá vatnsveitu**
- Stjórn vatnsveitu skal semja gjaldskrá þar sem kveðið er nánar á um greiðslu og innheimtu gjalda samkvæmt lögum þessum. Miða skal við að **vatnsgjald ásamt öðrum tekjum vatnsveitu** standi undir rekstri hennar, þ.m.t. fjármagnskostnaði og fyrirhuguðum stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun veitunnar, **ásamt kostnaði við að standa undir þeirri skyldu veitunnar að tryggja nægilegt vatn og vatnsþrýsting til slökkvistarfs og fyrir sérstakan slökkvibúnað þar sem hans er krafist, sbr. 5. mgr. 5. gr.**
-
- Stjórn vatnsveitu skal auglýsa gjaldskrána og breytingar á henni á þann hátt sem venja er að birta opinberar auglýsingar í sveitarfélaginu.

Greinargerð með lögum um vatnsveitur

- Inngangskafli
- Mælt er fyrir um skyldu vatnsveitu til að sjá um að nægilegt vatn og vatnsprýstingur sé fyrir hendi **til slökkvistarfs og fyrir sérstakan slökkvibúnað þar sem hans er krafist, enda verði því við komið.**
- Jafnframt er lagt til að vatnsveita geti **krafið einstaka notendur um hluta kostnaðar** þegar nauðsynlegt er vegna stærðar og/eða nýtingar fasteignar að auka vatnsprýsting til hennar.
- Meðal annars getur reynt á ákvæðið **vegna krafna um brunavarnir** en samkvæmt [þá]gildandi lögum [þar] sveitarstjórn allan kostnað af vatnsöflun til brunavarna.

Greinargerð með lögum um vatnsveitur

- **Um 5. gr.** (bein tilvitnun)
- Greinin er að mestu efnislega samhljóða 6. gr. [þá] gildandi laga en það ákvæði þótti að sumu leyti torskilið og því **ástæða til að orða það skýrar**, m.a. varðandi gjaldtökuheimildir.
- Helstu breytingarnar fólust í því að í 5. mgr. **er kveðið verði á um skyldu vatnsveitu til að sjá um að nægilegt vatn og vatnsprýstingur sé fyrir hendi til slökkvistarfs og fyrir sérstakan slökkvibúnað þar sem hans er krafist, enda verði því við komið.**
- Ákvæðið er efnislega samhljóða **2. mgr. 11. gr. laga um brunavarnir, nr. 75/2000.**
- Í 6. mgr. kom inn heimild til að krefja notendur um hluta kostnaðar í þeim tilvikum þegar nauðsynlegt er vegna stærðar og/eða nýtingar fasteignar að auka vatnsprýsting til hennar.
- Meðal annars getur reynt á ákvæðið vegna krafna um brunavarnir en samkvæmt gildandi lögum [þ.e. þágildandi lögum um vatnsveitur] ber sveitarstjórn allan kostnað af vatnsöflun vegna brunavarna.

Reglugerð nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga

- **24. gr. Vatnsprýstingur**
- Vatnsveitu er skylt að sjá um að nægilegt vatn og vatnsprýstingur sé fyrir hendi til slökkvistarfs og fyrir sérstakan slökkvibúnað þar sem hans er krafist, enda verði því við komið.
- **Ef þannig stendur á að dreifiæðar geta ekki séð fyrir því vatnsmagni, sem nauðsynlegt telst vegna vatnsúðakerfis eða sambærilegs búnaðar og brunamálayfirvöld gera kröfu til að sé fyrir hendi, getur stjórn vatnsveitu krafist þess að húseigandi komi fyrir vatns-miðlunargeymi í húsinu eða öðrum viðeigandi búnaði.**
- Dælur eða önnur tæki sem geta valdið **óeðlilegri notkun vatns*** eða truflun í veitukerfi vatnsveitu má ekki tengja við heimæð nema að fengnu leyfi vatnsveitu.
- *(dæmi kælivatn)

Reglugerð nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga

- **27. gr. Brunahanar.**
- Vatnsveita skal koma fyrir brunahönum og annast viðhald þeirra og eftirlit í samráði við slökkviliðsstjóra.
- Óheimilt er öðrum en slökkviliði og starfsmönnum vatnsveitunnar við störf þeirra að opna brunahana nema með sérstöku leyfi vatnsveitu.
- Ef eldsvoða ber að höndum hafa slökkvilið, lögregla og starfsmenn vatnsveitu heimild til að gera hverjar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar mega teljast, hvort heldur á vatnsæðum í eigu vatnsveitu eða einkaeign.

Lög um brunavarnir nr. 75/2000

- **III. kafli. Eftirlit og skyldur sveitarfélaga.**
- **11. gr. Starfsemi slökkviliðs.**
- Sveitarfélagi er skylt að sjá um að starfsemi slökkviliðs fullnægi kröfum samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum á grundvelli þeirra.
- Sveitarfélögum ber að sjá um að nægilegt vatn og vatnsþrýstingur sé fyrir hendi til slökkvistarfs og fyrir sérstakan slökkvibúnað þar sem hans er krafist, t.d. úðakerfi í meiri háttar byggingum. Í sveitarfélagi þar sem vatnsöflun er erfið skal leita annarra lausna til að tryggja nauðsynlegar brunavarnir.

Lög um brunavarnir nr. 75/2000

- **16. gr. Skyldur slökkviliðsstjóra**
- Slökkviliðsstjóri hefur eftirlit með því í sínu umdæmi að farið sé eftir lögum þessum og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim.
- Hann hefur umsjón með öllum tækjum slökkviliðs og eftirlit með virkni brunahana í umdæminu í samráði við rekstraraðila viðkomandi vatnsveitu.

Brunahanar illa staðsettir á Akureyri

Ingibjörg Bergmann | 8. júní 2017 10:00

Stórbrunninn í Goðanesi 12 í síðustu viku hefur eflaust ekki farið framhjá neinum Akureyring. Þá höfðu slökkviliðsmenn orð á því að brunahaninn hafi ekki verið nægilega vel staðsettur til þess að fullt flæði næðist frá brunaslöngunni, en það hafi þó hafist. Í viðtalið við fréttastofu RÚV segir Ólafur Stefánsson, slökkviliðsstjóri Slökkviliðs Akureyrar, að þetta hafi þó ekki komið að sök við slökkviaðgerðir í Goðanesinu.

Víða um Akureyri má þó sjá dæmi um að brunahanar snúi upp að húsum, séu of nálægt húsum og þar fram eftir götum. Þetta getur gert slökkviliðinu mjög erfitt fyrir og liggur það í augum uppi að þetta mætti auðveldlega laga með því að bæta aðgengi að brunahönum bæjarins.

Ólafur segir í samtali við RÚV að Norðurorka sjái um allt vatnsveitukerfi í bænum og það sé þeirra verk að taka út brunahana í bænum, en þó sé það að borgaraleg skylda hvers og eins íbúa að tilkynna það ef brunahani nálægt þeim sé illa staðsettur eða aðgengi lélegt.

Það er því vert að minna alla á að skoða brunahanana í sínu nærumhverfi og athuga hvort að aðgengi sé í lagi. Það er ákjósanlegra að gera viðeigandi ráðstafanir fyrir en seinna, ef það skyldi kvikna í einhvern tímann nálægt þér.



Þessi brunhani hefur gott aðgengi, snýr rétt og ekkert honum til fyrirstöðu.

Samið um stálvirkið á Snákinn

● Hluta Laugavegar breytt í varanlega göngugötu ● Stálprófill sem rís og hnígur verður leiðandi þáttur

Sigtryggur Sigtryggsson
sisi@mbl.is

Nú liggur fyrir að fyrirtækið Prófilstál ehf. mun smíða fjölnota stálvirki sem sett verður upp á Laugavegi, milli Hlemms og Snorrabrautar. Þessi kafla götunnar hefur fengið hið frumlega nafn Snákurinn.

Reykjavíkurborg auglýsti fyrr á þessu ári eftir tilboðum í smíðina. Aðeins barst eitt tilboð, frá Prófilstáli. Hljóðaði það upp á krónur 21.601.880 eða 80% af kostnaðaráætlun, sem var upp á 26,8 milljónir. Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar hefur ákveðið að ganga að tilboðinu.

Eins og vegfarendur hafa tekið eftir hafa verið miklar framkvæmdir í gangi umhverfis Hlemmtorg. Í september var götukaflanum milli Hlemms og Snorrabrautar lokað fyrir bílaumferð fyrir fullt og allt og byrjað var að grafa upp götuna. Búið er að endurnýja allar lagnir og steypa mikinn stokk eftir götunni endilangri.

Gangstéttum beggja vegna götunnar hefur verið haldið opnum. Til stendur að vinna í götunni til áramóta en þá verði gert hlé á verkinu. Í apríl 2023 hefst svo vinna á ný og unnið á því

svæði þar sem gangstéttirnar liggja. Gangandi og hjólandi vegfarendur geta farið um götuna meðan á því verki stendur.

Í lýsingu Reykjavíkurborgar á að breyta kaflanum frá Hlemmi að Snorrabraut úr bílagötu í svæði með gróðri, setsvæðum, hjólastæðum og óformlegum leikrymum. „Stálprófill sem rís og hnígur er leiðandi þáttur á þessum kafla en í honum er einnig falin óbein lýsing á völdum svæðum og afmarkar hann þjónustuleiðir í göturýminu,“ segir í lýsingu.

Myndaður úr náttúrusteini

Smíði stálpróffilsins verður væntanlega lokið fyrir næsta sumar og hann þá settur upp. Yfirborð götunnar, snákurinn svonefndi, verður myndað með náttúrusteini. Snákurinn á að afmarka þjónustuleiðir í göturýminu. Sömu leiðis mun hann þjóna hlutverki blágrænna ofanvatnslausna. Sólarlæggingin á Laugaveginum er gert ráð fyrir að veitingastaðir geti vaxið út í göngurýmið.

Verktaki við jarðvegsframkvæmdir er Alma Verk ehf. Fyrirtækið átti lægsta tilboð í verkið, tæpar 190 milljónir króna. Alls búrúst sjö tilboð í verkið.



Morgunblaðið/sisi

Snákurinn Búið er að endurnýja lagnir á Laugavegi neðan Hlemms. Steyptur hefur verið stokkur eftir götunni.

- Takk fyrir